



Stjórn SSH 420. fundur

Miðvikudaginn 16. september 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Guðný Ívarsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson og Áslaug Hulda Jónsdóttir.

Fjarverandi: Gunnar Einarsson

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð. Ennfremur sátu fundinn Ágúst Þorbjörnsson, ráðgjafi frá Framsækni ehf.

Þetta gerðist

1. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk – kostnaðarskipting o.fl.

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra frá 10. september sl. og fundargerð fundar framkvæmdastjóra félagsþjónustu og fjármálastjóra frá 9. september 2015.

Ágúst Þorbjörnsson for ítarlega yfir þá greiningu sem hann hefur unnið að undanfögnu og þá tillögu sem hefur mótast á grundvelli þeirrar greiningar til breytts fyrirkomulags á kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna vegna aksturs ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Umræður

Niðurstaða:

Fyrirliggjandi tillaga Framsækni ehf. að nýrri kostnaðarskiptingu vegna aksturs ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk verður tekin til frekari skoðunar stjórnarmanna fram að næsta stjórnarfundum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:45.